

**Landsvirkjun
Rafmagnsveita Reykjavíkur
Vestfjarða Rafmagnsveitur ríkisins**

**Hitaveita Suðurnesja
Orkubú**

Verkfræðistofan AFL

KOSTNAÐUR VEGNA RAFORKUSKORTS

**Samantekt á niðurstöðum athugana síðustu ára
og tillögur um kostnað til nota við áætlanagerð**

**START-9601
Reykjavík, Nóvember 1996**

© 1996, Starfshópur um rekstrartruflanir

- Vinnslu efnis og frágang texta annaðist Verkfræðistofan AFL ehf., Jón Vilhjálmsón

YFIRLIT

Nánast öll starfsemi í nútímaþjóðfélagi byggir á raforku og truflanir á raforkuafhendingu leiða því af sér kostnað hjá atvinnufyrirtækjum þar sem starfsemi þeirra leggst að mestu niður á meðan rafmagnslaust er. Á heimilum verður fólk fyrir óþægindum þar sem slíkt truflar heimilis- og tómstundastörf. Hér á landi er það fremur sjaldgæft að notendur verði fyrir rafmagnsleysi en á undanförunum árum hafa notendur að meðaltali verið straumlausir í tvo til þrjá tíma á ári sem er einungis um 0,03% af árinu. Auka má öryggi raforkuafhendingar með að styrkja flutnings- og dreifikerfi raforku en aldrei er hægt að tryggja afhendinguna fullkomlega sama hve miklir fjármunir eru lagðir í kerfið.

Við mat á hagkvæmni einstakra framkvæmda þurfa rafveitur því að meta hve mikið öryggi afhendingar breytist við framkvæmdina og til að slíkt geti komið inn í hagkvæmnimat þarf að áætla verðmæti aukins öryggis. Ef raforkufyrirtækið hugsaði einungis um sinn hag mundi það meta þær tekjur sem töpuðust vegna þess að ekki tókst að afhenda orkuna en það er einungis brot af þeim kostnaði sem hlýst af rafmagnsleysi. Slíkt gefur aftur á móti ekki hagkvæmasta öryggi afhendingar út frá sjónarmiði þjóðfélagsins í heild. Eðlilegt er því að gerð sé sú krafa til veitnanna að þær líti á þjófélagslegan kostnað við rafmagnsleysi þegar mat er lagt á framkvæmdir enda hafa rafveiturnar einokun á flutningi og dreifingu raforku og notandinn getur ekki snúið sér neitt annað ef örygginu er ábótavant.

Í þessari skýrslu eru teknar sama niðurstöður úr nokkrum athugunum á kostnaði við rafmagnsleysi sem Starfshópur um rekstrartruflanir hefur unnið á árunum 1989-'95. Einnig eru settar fram tillögur um kostnað sem hópurinn telur rétt að miða við við gerð áætlana um uppbyggingu raforkukerfisins. Raforkunotendum er þá skipt niður í meginflokka og kostnaður sýndur fyrir hvern flokk fyrir sig auk þess sem hann er sýndur fyrir mislangt straumleysi. Kostnaðurinn er sýndur í hlutfalli við skerta orkuafhendingu og eru tölur á verðlagi ársins 1995, sjá kafla 7 hér að aftan. Að meðaltali er kostnaður við einnar stundar rafmagnsleysi um níutíufalt rafmagnsverðið.

Í kafla 8 hér að aftan eru sýnd nokkur dæmi um kostnað vegna rafmagnsleysi samkvæmt þeim tillögum sem fram koma í þessari skýrslu og kemur þar fram að ef rafmagn fer af landinu öllu í eina klukkustund hefði slíkt kostað um 120 Mkr að meðaltali á árinu 1995. Ef slík truflun hefði komið um hávetur þegar atvinnulífið er á fullum afköstum hefði kostnaðurinn orðið mun meiri eða um 300 Mkr. Ef truflun á sér stað utan reglulegs vinnutíma eru áhrfin minni en

ella og áætlað er að kostnaður við klukkustundar straumleysi um helgi að sumri til hafi numið um 70 Mkr .

Atvinnulíf er breytilegt á milli landshluta hér innanlands og af þeim sökum eru áhrif rafmagnsleysis mismunandi. Á höfuðborgarsvæðinu er þjónustustarfsemi hlutfallslega mest en hún er ákaflega viðkvæm fyrir rafmagnsleysi. Verslanir verða óstarfhæfar í rafmagnsleysi sökum þess að ljós vantar til að viðskiptavinir geti skoðað vöruúrvalið og afgreiðslubúnaður verður ónothæfur. Á skrifstofum fellur niður nánast öll starfsemi þar sem ljós vantar og tölvu- og skrifstofubúnaður verður óstarfhæfur. Iðnaður er einnig viðkvæmur fyrir rafmagnsleysi þar sem starfsemi fellur niður auk þess sem skemmdir geta orðið á hráefni og unninni vöru. Ef rafmagnsleysi á sér stað á vinnutíma er kostnaður (kostnaður á skerta orkueiningu) því hlutfallslega mestur á höfuðborgarsvæðinu, ef einungis er litið á almenna notkun og stóriðjunotendur því ekki teknir með. Í öðrum landshlutum er kostnaður háður aðstæðum á hverjum stað en þar sem hann er hlutfallslega minnstu nemur hann um helmingur af kostnaði á höfuðborgarsvæðinu. Ef rafmagnsleysi á sér stað utan vinnutíma er kostnaðurinn ekki eins breytilegur milli landshluta.

Þegar þær tölur sem hér koma fram eru notaðar ber að hafa í huga að veruleg óvissa er í þessum tölum. Hér er þó um að ræða þau bestu gögn sem til eru hér á landi og byggja þau á ítarlegum athugunum START hópsins. Þar sem þróun atvinnulífsins er mjög hröð og tæknivæðing þess vex stöðugt er rétt að fylgjast með áhrifum þess á kostnað vegna raforkuskorts og telur hópurinn rétt að endurskoða þessar tölur árlega út frá breytingum á raforkunotkun og verðlagi. Á nokkurra ára fresti væri síðan eðlilegt að kanna hvort ástæða sé til að kanna þennan kostnað ítarlega að nýju.

EFNISYFIRLIT

YFIRLIT	iii
EFNISYFIRLIT.....	v
TÖFLUSKRÁ	vi
MYNDASKRÁ	vii
1. INNGANGUR.....	1.1
2. KOSTNAÐUR METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM	2.1
3. KÖNNUN MEÐAL FYRIRTÆKJA Í FISKIÐNAÐI.....	3.1
4. NORRÆN KÖNNUN.....	4.1
4.1 HEIMILI	4.1
4.2 LANDBÚNAÐUR	4.3
4.3 IÐNAÐUR	4.4
4.4 VERSLUN OG VIÐSKIPTI	4.6
4.5 OPINBER ÞJÓNUSTA	4.7
5. ORKUFREKUR IÐNAÐUR	5.1
6. SAMANBURÐUR MILLI ATHUGANA.....	6.1
6.1 INNLENDAR ATHUGANIR.....	6.1
6.2 ERLENDAR ATHUGANIR	6.3
7. TILLÖGUR	7.1
8. NOKKUR DÆMI UM ÁÆTLAÐAN KOSTNAÐ VEGNA SKORTS	8.1
HEIMILDIR	H.1
ENGLISH SUMMARY	E.1
VIÐAUKI 1, ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA FYRIRVARALAUSS RAFORKUSKORTS SEM METINN ER ÚT FRÁ HAGTÖLUM.....	V.1

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 2.1 ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA FYRIRVARALAUSS RAFORKUSKORTS SEM ER METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM. BYGGT ER Á TÖLUM ÚR ATVINNUVEGASKÝRSLUM ÁRSINS 1993 OG ÞÆR FRAMREIKNADAR TIL VERÐLAGS ÁRSINS 1995.....	2.2
TAFLA 3.1 KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS FYRIR TVO HÓPA FRYSTIHÚSA ÁSAMT MEÐALTALI FYRIR ALLT ÚRTAKIÐ Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995. Í HÓPI 1 ERU ÞAU FRYSTIHÚS SEM GEFA UPP HVERFANDI KOSTNAÐ SEINT UM KVÖLD OG AÐ NÓTTUNNI (32 FYRIRTÆKI) EN Í HÓPI 2 ER KOSTNAÐUR VERULEGUR Á ÞESSUM TÍMUM (7 FYRIRTÆKI).	3.2
TAFLA 4.1 KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS AÐ VETRARLAGI Á HEIMILUM Á ÍSLANDI Í HLUTFALLI VIÐ MESTA ÁLAG SAMKVÆMT NORRÆNNI KÖNNUN. TÖLUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	4.2
TAFLA 4.2 KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS Í LANDBÚNAÐI Á ÍSLANDI Í HLUTFALLI VIÐ MESTA ÁLAG SAMKVÆMT NORRÆNNI KÖNNUN. TÖLUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	4.4
TAFLA 4.3 KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS Í IÐNAÐI Á ÍSLANDI Í HLUTFALLI VIÐ MESTA ÁLAG SAMKVÆMT NORRÆNNI KÖNNUN. ANNARS VEGAR ER ER UM AÐ RÆÐA RAFMAGNSLEYSI Á VINNUTÍMA Á VIRKUM DEGI AÐ VETRI, OG ER ÞÁ BÆÐI METINN KOSTNAÐUR VIÐ ÓFYRIRSÉÐ OG SKIPULAGT RAFMAGNSLEYSI, OG HINS VEGAR UTAN VINNUTÍMA. TÖLUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	4.5
TAFLA 4.4 KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS Í VERSLUN OG VIÐSKIPTUM Á ÍSLANDI Í HLUTFALLI VIÐ MESTA ÁLAG SAMKVÆMT NORRÆNNI KÖNNUN. TÖLUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	4.7
TAFLA 4.5 KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS Í OPINBERRI ÞJÓNUSTU Á ÍSLANDI Í HLUTFALLI VIÐ MESTA ÁLAG SAMKVÆMT NORRÆNNI KÖNNUN. TÖLUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	4.8
TAFLA 5.1 SALA AÐ FRÁDREGNUM HRÁEFNAKOSTNAÐI Í HLUTFALLI VIÐ RAFORKUNOTKUN HJÁ JÁRNBLENDIVERKSMÍÐJUNNI Á GRUNDARTANGA.	5.2
TAFLA 5.2 SALA AÐ FRÁDREGNUM HRÁEFNAKOSTNAÐI Í HLUTFALLI VIÐ RAFORKUNOTKUN HJÁ ÁLVERINU Í STRAUMSVÍK.	5.2
TAFLA 5.3 ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS VIÐ STRAUMLEYSI AF MISMUNANDI LENGÐ. TÖLUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	5.3
TAFLA 6.1 SAMANBURÐUR Á INNLENDUM ATHUGUNUM Á KOSTNAÐI VEGNA RAFORKUSKORTS. ÁÆTLAÐUR MEÐALKOSTNAÐUR VIÐ 8 TÍMA SKORT Í HLUTFALLI VIÐ SKERTA ORKU. TÖLUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	6.2
TAFLA 6.2 MEÐALKOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS Í HLUTFALLI VIÐ SKERTA ORKU SAMKVÆMT NORRÆNNI ATHUGUN. TÖLUR Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	6.3
TAFLA 7.1 ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA RAFMAGNSLEYSIS. KOSTNAÐUR Í HLUTFALLI VIÐ SKERTA ORKU OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	7.2
TAFLA 8.1 KOSTNAÐUR VIÐ RAFMAGNSLEYSI AF MISMUNANDI LENGÐ SEM NÆR TIL ALLS LANDSINS ÁRIÐ 1995 SKIPT NIÐUR Á MEGINFLOKKA.	8.2
TAFLA 8.2 KOSTNAÐUR VIÐ RAFMAGNSLEYSI AF MISMUNANDI LENGÐ SEM NÆR TIL ALLS LANDSINS ÁRIÐ 1995 SKIPT NIÐUR Á LANDSHLUTA.	8.3
TAFLA 8.3 MEÐALKOSTNAÐUR Á KWH VIÐ RAFMAGNSLEYSI AF MISMUNANDI LENGÐ ÁRIÐ 1995 EFTIR LANDSHLUTUM.	8.4
TAFLA VI.1 ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VEGNA FYRIRVARALAUSS RAFORKUSKORTS SEM ER METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM. BYGGT ER Á TÖLUM ÚR ATVINNUVEGA-SKÝRSLUM ÁRSINS 1993 OG ÞÆR FRAMREIKNADAR TIL VERÐLAGS ÁRSINS 1995.....	VI.2

MYNDASKRÁ

MYND 6.1 SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐI VEGNA RAFORKUSKORTS Á HEIMILUM SAMKVÆMT NORRÆNUM KÖNNUNUM. TÖLUR Í HLUTFALLI VIÐ HÁMARKSAFL OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.....	6.4
MYND 6.2 SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐI VEGNA RAFORKUSKORTS Í LANDBÚNAÐI SAMKVÆMT NORRÆNUM KÖNNUNUM. TÖLUR Í HLUTFALLI VIÐ HÁMARKSAFL OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995...	6.4
MYND 6.3 SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐI VEGNA RAFORKUSKORTS Í IÐNAÐI SAMKVÆMT NORRÆNUM KÖNNUNUM. TÖLUR Í HLUTFALLI VIÐ HÁMARKSAFL OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995.	6.5
MYND 6.4 SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐI VEGNA RAFORKUSKORTS Í ÞJÓNUSTUGREINUM SAMKVÆMT NORRÆNUM KÖNNUNUM. TÖLUR Í HLUTFALLI VIÐ HÁMARKSAFL OG Á VERÐLAGI ÁRSINS 1995...	6.5

1. INNGANGUR

Í upphafi árs 1986 mynduðu nokkur helstu raforkufyrirtæki landsins ásamt Orkustofnun starfshóp til að koma á skráningu rekstrartruflana og til að vinna að mati á kostnaði notenda vegna rafmagnsleysis (START hópurinn). Skráning rekstrartruflana hefur nú staðið yfir í nokkur ár og liggja því fyrir ítarlegar upplýsingar um truflanir í raforkukerfinu á síðustu árum. Hópurinn hefur einnig á undanförunum árum unnið nokkrar athuganir á kostnaði vegna skorts og hér eru þessar upplýsingar teknar saman auk þess sem settar eru fram tölur um þennan kostnað sem nota má við gerð áætlana um uppbyggingu raforkukerfisins.

Segja má að raforka sé ein meginundirstaða nútímaþjófélags. Við rafmagnsleysi stoppar mest öll atvinnustarfsemi sem leiðir af sér framleiðslutap og þar af leiðandi tekjutap eða aukin útgjöld við að vinna upp framleiðslutap. Einnig geta orðið skemmdir á hráefni og unninni vöru og aukin vinna af ýmsum ástæðum. Rafmagnsleysi hefur því mismunandi áhrif jafnvel innan sömu atvinnugreinar. Á heimilum eru rafmagnstæki ómissandi og bæði heimilis- og fristundastörf fólks almennt truflast verulega við rafmagnsleysi. Ekki hafa verið fundnar neinar leiðir til að meta kostnað vegna raforkuskorts nákvæmlega en beinar kannanir á kostnaði einstakra fyrirtækja hafa verið einna mest notaðar á undanförunum árum. Slíkar athuganir eru umfangsmiklar og dýrar. Einnig er hægt að meta kostnaðinn lauslega út frá hagtölum en þá fást ekki upplýsingar um það hvernig hann breytist eftir tíma truflunar eða lengd.

START hópurinn hefur því á undanförunum árum bæði reynt að meta kostnað vegna raforkuskorts út frá hagtölum og með könnunum. Fyrri aðferðin gefur yfirleitt fremur lág gildi á kostnaðinum þar sem þá er ekki mögulegt að meta þætti eins og skemmdir á hráefni og unninni vöru eða kostnað við að koma framleiðslu af stað að nýju. Aftur á móti geta kannanir gefið fremur mikinn kostnað þar sem fólk vill oft vera á öruggu hliðinni ef það er spurt um slíkt.

Hér að aftan koma einnig fram tillögur START hópsins um kostnað vegna rafmagnsleysis til nota við áætlanagerð. Hafa ber í huga þegar þessar tölur eru notaðar að veruleg óvissa er í þeim. Sumar nágrannaþjóðirnar hafa skilgreint það afhendingaröryggi sem stefna beri að og er það þá háð stærð notandans (sjá Svenska Elverksföreningen, 1991). Slíkt hefur ekki verið gert hér á landi en áhugavert gæti verið að skoða hvort rétt væri að gera slíkt.

Í Starfshópi um rekstraruflunir eiga nú eftirtaldir sæti:

Hitaveita Suðurnesja:	Hreinn Jónasson
Landsvirkjun:	Guðmundur I. Ásmundsson
Orkubú Vestfjarða:	Jakob Ólafsson
Rafmagnsveita Reykjavíkur:	Rúnar Svavar Svavarsson
Rafmagnsveitur ríkisins:	Pétur E. Þórðarson
Orkustofnun:	Ólafur Pálsson

Jón Vilhjálmsson hjá Verkfræðistofunni AFLi hefur verið starfsmaður hópsins og tók hann saman þessa skýrslu.

2. KOSTNAÐUR METINN ÚT FRÁ HAGTÖLUM

Starfshópur um rekstrartruflanir áætlaði á árinu 1989 kostnað vegna raforkuskorts út frá upplýsingum um raforkunotkun greindum niður á notkunarflokkum og út frá hagtölum fyrir einstakar atvinnugreinar. Nú liggja fyrir nýrri gögn og hafa þessar tölur verið endurreiknaðar út frá nýjustu gögnum. Við þennan reikning er notuð skýrsla Þjóðhagsstofnunar: "Atvinnuvegaskýrsla 1993" en ekki liggja fyrir nýrri gögn en fyrir árið 1993. Orkuspárnefnd birtir árlega gögn um raforkunotkun greind niður á notkunarflokkum og til samræmis við tölur Þjóðhagsstofnunar verða hér notuð gögn fyrir árið 1993.

Hér verða notaðar sömu aðferðirnar við að meta kostnaðinn og í skýrslunni frá 1989 og vísast þangað um frekari upplýsingar. Hafa ber í huga að tölur um kostnað vegna raforkuskorts geta aldrei verið mjög nákvæmar auk þess sem þær eru háðar því hvernig stendur á hjá notandanum er til rafmagnsleysis kemur og því hve lengi rafmagnsleysið varir. Sú aðferð sem hér er notuð gefur einungis eina tölu fyrir hverja atvinnugrein fyrir sig en gefur engar upplýsingar um hve breytilegur hann getur verið. Þessar niðurstöður ættu að gefa þokkalega mynd af meðalkostnaði vegna raforkuskorts í flestum atvinnugreinum en þó ættu þær að vera heldur í lægri kantinum. Í almennum iðnaði er t.d. erfitt er að taka tillit til skemmda á framleiðslutækjum, hráefnum eða afurðum. Í sumum greinum þar sem vitað er að hætta er á skemmdum er þó reynt að taka tillit til þess með að gera ráð fyrir að hráefni auk vinnsluvirðis tapist við rafmagnsleysi. Í öllum atvinnugreinum tekur einhvern tíma að koma starfsemi í gang að nýju eftir rafmagnsleysi.

Í töflu 2.1 er sýndur áætlaður kostnaður vegna fyrirvaralauss raforkuskorts og hafa tölurnar frá 1993 þá verið framreiknaðar með verðvísitölu landsframleiðslu til verðlags ársins 1995. Niðurstöðurnar eru svipaðar og í skýrslunni frá 1989, þegar þær hafa verið framreiknaðar til sama verðlags, en þó hafa fáeinir flokkar breyst nokkuð vegna þess að nú liggja fyrir betri gögn en áður og á það bæði við um hagtölurnar og raforkunotkunina. Í töflunni hafa niðurstöður verið teknar saman í meginflokkum en í viðauka 1 eru aftur á móti sýndar tölur fyrir einstakar atvinnugreinar.

Tafla 2.1 Áætlaður kostnaður vegna fyrirvaralauss raforkuskorts sem er metinn út frá hagtölum. Byggt er á tölum úr Atvinnuvegaskýrslum ársins 1993 og þær framreiknaðar til verðlags ársins 1995.

Meginflokkur	Reiknað verðmæti orkunnar kr/kWh
Heimili	362
Landbúnaður með heimilisnotkun	84
Landbúnaður án heimilisnotkunar	107
Iðnaður	30
Iðnaður án Ísal og Járblendifélagsins	147
Opinber þjónusta	43
Viðskipti, handiðnir og ö. þjónusta	276
Annað	41
ALLS	92
ALLS utan Ísal og Járblendifélagsins	179

Þegar litið er á einstakar atvinnugreinar í viðauka 1 sést að í nokkrum tilvikum er ekki talið að um neinn kostnað sé að ræða og stafar það af aðstæðum í viðkomandi grein. Mjög erfitt er að meta kostnað vegna þess að götu- og hafnarlýsing dettur út (1811) en við slíkar aðstæður eru meiri líkur á slysum og óhöppum. Skip í höfnum (1812) geta notað ljósavélar ef ekki fæst rafmagn úr landi og veldur það auknum oliukaupum en á móti sparast raforkukaup og er þessi liður því settur 0. Ekki er talinn neinn kostnaður vegna eigin notkunar rafveitna þar sem áhrif rafmagnsleysis koma fram hjá viðskiptavinum veitnanna (1501-1511). Vatnsveitur (1521) verða yfirleitt ekki af tekjum í rafmagnsleysi þar sem tekjur þeirra eru oftast innheimtar með sköttum óháð vatnsnotkun. Varðandi rafhitun (1930) er miðað við að hiti fari almennt af húsum við rafmagnsleysi óháð hitunaraðferð og því er hitunin innifalin í mati á heimilisnotkun.

3. KÖNNUN MEÐAL FYRIRTÆKJA Í FISKIÐNAÐI

Eins og fram kemur í kafla 2 er einfaldasta leiðin til að meta kostnað vegna raforkuskorts sú að byggja matið á hagtölum og upplýsingum um raforkunotkun. Starfshópur um rekstrartruflanir ákvað því að byrja á að nota slíkar aðferðir við mat á þessum kostnaði auk þess sem ekki liggja fyrir neinar betri aðferðir fyrir suma notkunarflokkum raforku. Á undanförunum árum hafa beinar kannanir meðal raforkunotenda verið einna mest notaðar við að meta kostnað vegna raforkuskorts. Hópurinn ákvað því að framkvæma slíka athugun sem takmarkaðist við eina atvinnugrein og í ljósi þess árangurs sem þar fengist væri síðan hægt að meta það hvort ástæða væri til að fara út í víðtækari athugun. Á þennan hátt var einnig ætlunin að reyna að fá hugmynd um það hve vel hagræna athugunin stæðist.

Ákveðið var að könnunin næði til fyrirtækja sem stunda fiskfrystingu og var höfð samvinna við hagsmunaaðila á því sviði. Útbúin voru eyðublöð fyrir þessa könnun og þau send til 61 fyrirtækis. Fengnir voru verkfræðinemar, sem voru í sumarvinnu hjá orkufyrirtækjunum, til að hringja í fyrirtækin og bjóða fram aðstoð við útfyllingu eyðublaðanna. Þeir sem þáðu það voru síðan heimsóttir. Þetta var talið nauðsynlegt til að fá viðunandi svörun úr athuguninni en upplýsingar fengust frá 39 fyrirtækjum.

Í þessari könnun voru alls lagðar 20 spurningar fyrir fyrirtækin sem fjölluðu almennt um starfsemi fyrirtækisins, um raforkunotkun þess, um kostnað fyrirtækis vegna rafmagnsleysis, um áhrif þess hvenær truflun á sér stað og hvaða áhrif það hefði ef gefin væri aðvörðun um skammtíma rafmagnsleysi auk almennra upplýsinga. Með þessari könnun fengust því mun ítarlegri upplýsingar um áhrif rafmagnsleysis á starfsemi fyrirtækja í þessari grein en mögulegt var að fá með hagrænu athuguninni. Í töflu 3.1 er sýndur kostnaður samkvæmt þessari athugun og kemur þar fram hve breytilegur hann er eftir lengd straumleysis og eftir því hvenær það á sér stað. Tölurnar hafa verið framreiknaðar til verðlags ársins 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu. Frekari upplýsingar um þessa athugun er að finna í skýrslu Starfshóps um rekstrartruflanir frá árinu 1992.

Tafla 3.1 Kostnaður vegna rafmagnsleysis fyrir tvo hópa frystihúsa ásamt meðaltali fyrir allt úrtakið á verðlagi ársins 1995. Í hópi 1 eru þau frystihús sem gefa upp hverfandi kostnað seint um kvöld og að nóttunni (32 fyrirtæki) en í hópi 2 er kostnaður verulegur á þessum tímum (7 fyrirtæki).

Heimild: Starfshópur um rekstrartruflanir, 1992.

a) Kostnaður við mislangt rafmagnsleysi á fimmtudegi í janúar.

	Lengd rafmagnsleysis					
	1 mín. kr/kW	20 mín. kr/kW	60 mín. kr/kW	120 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Meðaltal	26	270	840	1.300	2.100	4.300
Hópur 1	29	250	760	1.200	1.800	2.800
Hópur 2	14	390	1.100	2.100	3.900	11.400

b) Hlutfallslegur kostnaður eftir mánuðum.

	Hlutfallslegur kostnaður í mánuði											
	J	F	M	A	M	J	J	Á	S	O	N	D
Meðaltal	100	105	120	131	137	139	136	120	115	118	123	105
Hópur 1	100	105	120	135	143	145	141	123	118	119	125	106
Hópur 2	100	107	118	114	107	114	114	107	100	118	114	100

c) Hlutfallslegur kostnaður eftir vikudögum.

	Hlutfallslegur kostnaður á degi								
	M	Þ	M	F	F	L	S	H	
Meðaltal	95	97	98	100	111	63	25	21	
Hópur 1	94	96	97	100	113	62	19	13	
Hópur 2	100	100	100	100	100	68	54	61	

d) Hlutfallslegur kostnaður eftir tíma dags.

	Hlutfallslegur kostnaður innan dagsins							
	Morg- unn 1	Morg- unn 2	Há- degi	Eftir hádegi	Síð- degis	Kvöld 1	Kvöld 2	Nótt
Meðaltal	93	100	51	102	96	19	13	12
Hópur 1	94	100	54	102	95	8	0	0
Hópur 2	100	100	36	100	100	70	70	66

e) Kostnaður á skerta orkueiningu ef álag breytist ekki yfir daginn.

	Lengd rafmagnsleysis					
	1 mín. kr/kWh	20 mín. kr/kWh	60 mín. kr/kWh	120 mín. kr/kWh	240 mín. kr/kWh	480 mín. kr/kWh
Meðaltal	1.600	800	840	650	530	540
Hópur 1	1.700	740	760	600	450	350
Hópur 2	870	1.200	1.100	1.100	980	1.400

Eins og fram kemur í töflunni er verulegur kostnaður strax við einnar mínútu rafmagnsleysi en við lengra straumleysi vex kostnaður á kW nokkurn veginn línulega með tíma. Hlutfallslegur kostnaður eftir mánuðum er svipaður allt árið í hópi 2 á meðan hann er mestur á vorin og sumrin í hópi 1. Hann er einnig jafnari innan vikunnar og dagsins í hópi 2 en 1. Þetta getur m.a. stafað af því að yfir veturinn sé mikil vinna vegna loðnu og síldar og þá jafnvel unnið allan sólarhringinn og alla daga. Kostnaður innan sólarhringsins og innan vikunnar á einmitt við janúar og þá gæti slíkt ástand verið til staðar. Meiri botnfiskafli á sumrin en veturna gerir það síðan að verkum að vinnsluvirðið er álíka mikið á sumrin og á veturna. Erfiðara er að skýra af hverju kostnaður vegna rafmagnsleysis er hlutfallslega mun meiri hjá hópi 2) en 1) á fimmtudegi í janúar. Hafa verður í huga að úrtakið í hóp 2 er mjög lítið og það fyrirtæki sem er með mestan kostnað hefur veruleg áhrif á niðurstöðurnar auk þess sem tvö önnur fyrirtæki í þessum hóp eru með háan kostnað. Taka ber því niðurstöðunum varðandi hóp 2 með varúð.

4. NORRÆN KÖNNUN

Á árunum 1992-94 var unnin samnorræn athugun á kostnaði vegna raforkuskorts og var hún að stórum hluta kostuð af Norrænu ráðherranefndinni. Í þessari athugun tóku þátt rafveitur í Danmörku, Finnlandi og Íslandi en í Noregi og Svíþjóð höfðu nýlega verið gerðar svipaðar kannanir og af þeim sökum var ekki áhugi hjá þeim þjóðum á að endurtaka slíkt. Stýrihópur með fulltrúum frá löndunum fimm stýrði þessu verki en Finnar höfðu umsjón með verkinu og niðurstöðurnar voru birtar í skýrslu sem kom út á árinu 1994 (sjá Bettina Lemström og fl. 1994).

Ýmsar upplýsingar koma fram í þessari athugun svo sem hvernig kostnaðurinn er háður lengd straumleysis og einnig er kostnaður sýndur fyrir einstaka flokka innan iðnaðar og þjónustu. Sundurgreining innan iðnaðar og þjónustu er þó ekki mjög áreiðanleg fyrir okkur vegna þess hve fá fyrirtæki voru í úrtakinu hér á landi fyrir hvern flokk. Bæði var spurt um kostnað vegna straumleysis og hvað notandinn væri tilbúinn að greiða til að komast hjá rafmagnsleysi. Í athuguninni var einnig kannaður kostnaður við truflanir sem vitað var um með fyrirvara og hægt væri því að aðvara notendur fyrirfram. Tölur fyrir Ísland í þessari skýrslu eru hér umreiknaðar í íslenskar krónur og framreiknaðar til verðlags ársins 1995 (stuðull 11,402).

4.1 Heimili

Sendir voru spurningalistar til 1.060 heimila hér á landi og svör fengust frá 400 heimilum eða 38%. Til að meta kostnað vegna rafmagnsleysis voru notaðar þrjár spurningar sem miðuðu við mismunandi leiðir til að meta kostnaðinn. Fyrst var kannað hve mikið notendur vildu minnka notkun sína ef raforkuverð tífaldaðist í skamman tíma. Á þennan hátt var verðteygni notkunarinnar metin sem er síðan ein leið til að meta verðmæti raforkunnar fyrir notendur. Notendur voru síðan spurðir hve mikið þeir væru tilbúnir til að borga til að koma í veg fyrir rafmagnsleysi. Í þriðja lagi voru notendur beðnir um að áætla upphæð þess tjóns og óþæginda sem annars vegar ófyrirséð og hins vegar skipulagt rafmagnsleysi veldur á heimilinu. Þar að auki var ein almenn spurning er varðaði húsnæði, kyndingu þess og hvort notandi minnst rafmagnsleysis á síðasta ári.

Í töflu 4.1 er sýndar niðurstöður fyrir Ísland úr þessari könnun og er þar bæði sýndur meðalkostnaður hjá öllum notendum og einnig sérstaklega hjá þeim sem eru með rafhitun. Tölur eru framreiknaðar frá verðlagi ársins 1993 til verðlags ársins 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu. Þegar spurt var um kostnað var miðað við að rafmagn færi af að vetrarlagi.

Tafla 4.1 Kostnaður vegna rafmagnsleysis að vetrarlagi á heimilum á Íslandi í hlutfalli við mesta álag samkvæmt norrænni könnun. Tölur á verðlagi ársins 1995.

Heimild: Bettina Lemström o.fl., 1994.

a) Meðalkostnaður á heimilum vegna rafmagnsleysis.

Aðferð	Lengd rafmagnsleysis		
	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Verðteygni	38	117	
Tilbúinn til að borga	86		
Kostnaður, ófyrirséð rafmagnsleysi	193	503	1.800
Kostnaður, skipulagt rafmagnsleysi	30	151	885

b) Meðalkostnaður á rafhituðum heimilum vegna rafmagnsleysis.

Aðferð	Lengd rafmagnsleysis		
	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Verðteygni	34	109	
Tilbúinn til að borga	10		
Kostnaður	17	71	218

Þegar niðurstöðurnar í töflunni eru skoðaðar sést að í rafhituðum húsum metur notandinn kostnaðinn um 10% af meðalkostnaðinum fyrir alla sem styður þá ályktun sem miðað var við í kafla 2 að kostnaður vegna hitunar sé innifalinn í áætluðum kostnaði vegna hreinnar heimilisnotkunar. Notendur eru ekki tilbúnir að borga jafn mikið fyrir að losna við rafmagnsleysi og þeir telja að kostnaður þeirra verði af þeim sökum. Í spurningunni, þar sem spurt var hve mikið notandinn væri tilbúinn til að greiða til að koma í veg fyrir rafmagnsleysið, var greint á milli virkra daga og helga og á milli vetrar og sumars. Þar kemur fram að kostnaðurinn er mestur um helgar að vetrarlagi en minnstur virka daga að sumarlagi.

Ef hægt er að láta notendur vita af rafmagnsleysi með fyrirvara verður notandi fyrir minni kostnaði eins og fram kemur í töflu 4.1. Eftir því sem

rafmagnsleysið varir lengur fer hlutfallslegur ávinningur af þessu minnkandi enda má þá ætla að notendur eigi þá erfiðara með að hliðra til þannig að óþægindin minnki.

Þegar þessar tölur eru bornar saman við niðurstöðurnar fyrir Danmörk og Finnland sést að kostnaðurinn er minnstur hér á landi en hann vikir þó ekki verulega frá niðurstöðunum í hinum löndunum tveimur.

4.2 Landbúnaður

Til raforkunotenda í landbúnaði voru send 247 eyðublöð og fengust 75 svör til baka eða 30% svörun. Hér voru einnig farnar þrjár leiðir til að meta kostnað vegna rafmagnsleysis. Í fyrsta lagi var beðið um að meta hann beint og í öðru lagi var spurt um það hve miklar bætur notandinn mundi sætta sig við frá veitunni ef til rafmagnsleysis kæmi og í þriðja lagi var spurt um það hve mikið notandi mundi minnka notkun sína ef rafmagnsverð hækkaði tífalt í skamman tíma. Einnig var spurt um bústofn, ræktað land, hvort notandi minntist þess að hafa orðið fyrir rafmagnsleysi á síðasta ári og hvort hann hefði varastöð.

Í töflu 4.2 er sýndur kostnaður fyrir Ísland sem fram kemur í þessari athugun og er hann sýndur fyrir mismunandi árstíma. Tölur eru framreiknaðar frá verðlagi ársins 1993 til verðlags ársins 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu. Reitir eru auðir í töflunni fyrir þau tilvik sem ekki voru tekin með í könnuninni.

Eins og fram kemur í töflunni er kostnaður mestur á sumrin sem er í samræmi við niðurstöður frá hinum löndunum. Á öðrum árstímum er kostnaður svipaður nema við eins tíma rafmagnsleysis á haustin og virðist þar vera óeðlileg lág tala. Kostnaðurinn í landbúnaði er annars svipaður og á heimilum enda fer stærstur hluti notkunarinnar til beinnar heimilisnotkunar og til hitunar húsnæðis. Varðandi einstakar greinar landbúnaðar kom fram að hann er mestur í alifuglarækt og á svínabúum enda er þessi starfsemi mjög viðkvæm fyrir rafmagnsleysi.

Tafla 4.2 Kostnaður vegna rafmagnsleysis í landbúnaði á Íslandi í hlutfalli við mesta álag samkvæmt norrænni könnun. Tölur á verðlagi ársins 1995.

Heimild: Bettina Lemström o.fl., 1994.

a) Meðalkostnaður á sumrin vegna rafmagnsleysis.

Aðferð	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr/kWh	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Verðteygni		34		244
Bætur	23	116	491	1.350
Kostnaður, ófyrirséð rafmagnsleysi		343		1.230
Kostnaður, skipulagt rafmagnsleysi		50		487

b) Meðalkostnaður á haustin vegna rafmagnsleysis.

Aðferð	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr/kWh	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Kostnaður, ófyrirséð rafmagnsleysi		46		756

c) Meðalkostnaður á veturna vegna rafmagnsleysis.

Aðferð	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr/kWh	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Verðteygni		40		300
Kostnaður, ófyrirséð rafmagnsleysi		132		751

d) Meðalkostnaður á vorin vegna rafmagnsleysis.

Aðferð	Lengd rafmagnsleysis			
	15 mín. kr/kWh	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Kostnaður, ófyrirséð rafmagnsleysi		136		690

4.3 Iðnaður

Sendir voru spurningalistar til 48 iðnfyrirtækja og fengust svör frá 27 fyrirtækjum sem jafngildir 56% svörun. Hringt var til allra fyrirtækjanna og þeim boðin aðstoð í gegnum síma við að fylla út eyðublaðið og á þann hátt tókst að fá betri svörun en frá heimilum og landbúnaði enda var það nauðsynlegt þar sem um mun færri aðila var að ræða. Ekki var sent til neinna

fyrirtækja í fiskfrystingu þar sem tiltölulega stutt var síðan könnun var gerð meðal slíkra fyrirtækja eins og fram kemur hér að framan. Fyrirtækin voru greind niður í 8 flokka en ekki er rétt að skoða sérstaklega hvern þessara flokka fyrir Ísland vegna þess hve fá fyrirtæki voru í könnuninni. Auk þess að spyrja um kostnað vegna rafmagnsleysis var spurt um það hve marga daga vikunnar framleiðsla er í gangi og hve lengi dags. Spurt var um framlegð, launakostnað og varaafll. Spurt var um beinan kostnað við mislangt rafmagnsleysi, bæði ófyrirséð og skipulagt, hvernig kostnaðurinn skiptist niður á einstaka þætti, kostnað utan vinnutíma, við nokkur stutt straumleysi og við spennulækkun.

Í töflu 4.3 er sýndur kostnaður fyrir iðnað á Íslandi samkvæmt þessari könnun. Tölur eru framreiknaðar frá verðlagi ársins 1993 til verðlags ársins 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu.

Tafla 4.3 Kostnaður vegna rafmagnsleysis í iðnaði á Íslandi í hlutfalli við mesta álag samkvæmt norrænni könnun. Annars vegar er er um að ræða rafmagnsleysi á vinnutíma á virkum degi að vetri, og er þá bæði metinn kostnaður við ófyrirséð og skipulagt rafmagnsleysi, og hins vegar utan vinnutíma. Tölur á verðlagi ársins 1995.

	Lengd rafmagnsleysis					
	1/60 mín. kr/kW	1 mín. kr/kW	15 mín. kr/kW	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Ófyrirséð	13	15	518	762	1.720	3.700
Skipulagt	3	5	36	209	957	1.900
Utan vinnutíma				36		302

Kostnaður við mjög stutt rafmagnsleysi (1 sekúnda til 1 mínúta) er minni hér á landi en hjá Dönnum og Finnum enda áttu íslensku fyrirtækin í erfiðleikum með að meta þetta. Fyrirtækin hér á landi eru minni en hjá hinum þjóðunum og af þeim sökum hafa þau flest ekki yfir að ráða þekkingu til að meta kostnað í slíkum tilvikum auk þess sem stutt rafmagnsleysi getur skipt minna máli í litlum fyrirtækjum. Kostnaður utan vinnutíma er á bilinu 4,7% til 8,2% af kostnaði sem á sér stað við rafmagnsleysi á vinnutíma.

Einungis eitt af íslensku fyrirtækjunum hafði varaafll sem nota má við straumleysi. Að meðaltali vildu fyrirtækin fá 8 tíma fyrirvara á rafmagnsleysi til að þau gætu minnkað kostnað hjá sér af þess sökum og er þetta mun styttri

tími en fram kom í Danmörku (25 tímar) og Finnlandi (30 tímar). Þegar notendur voru beðnir um að skipta kostnaðinum niður á þætti kom í ljós að við 15 mínútna rafmagnsleysi var einungis um fjórðungur kostnaðarins vegna tapaðrar framleiðslu en við 8 stunda rafmagnsleysi er sá hlutur kominn í um 70% að meðaltali. Samkvæmt þessari könnun gefur virðisauki góða mynd af kostnaði notenda vegna rafmagnsleysis og er hann á bilinu 70% til 115% af áætluðum heildarkostnaði, minnstur fyrir stutt rafmagnsleysi.

4.4 Verslun og viðskipti

Sendir voru spurningalistar til 53 verslana og viðskiptafyrirtækja og fengust svör frá 38 þeirra sem er 72% svörun. Hringt var til allra fyrirtækjanna, eins og í iðnaðinum, og þeim boðin aðstoð við að fylla út eyðublöðin. Fyrirtækin voru greind niður í 9 flokka en sökum þess hve fá fyrirtæki eru í hverjum þeirra eru niðurstöður fyrir hvern flokk varla marktækar. Auk þess að spyrja um kostnað vegna rafmagnsleysis var spurt um það hve marga daga vikunnar framleiðsla er í gangi og hve lengi dags. Spurt var um virðisaukaskatt og varaafll. Spurt var um beinan kostnað við mislangt rafmagnsleysi, bæði ófyrirséð og skipulagt, kostnað utan vinnutíma og við nokkur stutt straumleysi.

Í töflu 4.4 er sýndur kostnaður fyrir verslun og viðskipti á Íslandi samkvæmt þessari könnun. Tölur eru framreiknaðar frá verðlagi ársins 1993 til verðlags ársins 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu.

Kostnaður í þessari grein er mestur hér á landi af löndunum þremur og er munurinn mestur við stutt rafmagnsleysi. Kostnaður er mjög svipaður á veturna og sumrin en þó heldur meiri á sumrin. Eftir því sem rafmagnleysið varir lengur er hlutfallslega meiri munur á kostnaði hvort slíkt á sér stað á vinnutíma eða utan vinnutíma.

Fá fyrirtæki í þessari grein hafa varaafll sem nota má við straumleysi eða 16%. Yfirleitt getur starfsemin samt ekki haldið áfram óbreytt við rafmagnsleysi þar sem varaafll dugar einungis fyrir neyðalýsingu og skylda hluti. Þessir aðilar töldu sig geta lágmarkað kostnað af rafmagnsleysi ef þeir fengju að vita um það með 8 stunda fyrirvara og mest er hægt að minnka kostnaðinn við stutt rafmagnsleysi.

Tafla 4.4 Kostnaður vegna rafmagnsleysis í verslun og viðskiptum á Íslandi í hlutfalli við mesta álag samkvæmt norrænni könnun. Tölur á verðlagi ársins 1995.

a) Kostnaður við mislangt rafmagnsleysi að vetri.

	Lengd rafmagnsleysis					
	1/60 mín. kr/kW	1 mín. kr/kW	15 mín. kr/kW	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Ófyrirséð	282	337	410	1.280	3.330	5.840
Skipulagt	5	21	89	865	2.500	4.950
Utan vinnutíma	261	282	282	292	389	542

b) Kostnaður við mislangt fyrirvaralaust rafmagnsleysi að sumri.

	Lengd rafmagnsleysis					
	1/60 mín. kr/kW	1 mín. kr/kW	15 mín. kr/kW	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Á vinnutíma	294	363	447	1.430	3.760	6.650
Utan vinnutíma	268	294	304	325	507	707

Einungis um helmingur fyrirtækjanna (20) svaraði spurningu um hve mikinn virðisaukaskatt þau greiða á ári. Ef virðisaukinn í starfseminni er metinn út frá honum og borinn saman við raforkunotkunina fæst kostnaður sem er frá því að vera 50% meiri og upp í þrefaldan kostnað vegna rafmagnsleysis samkvæmt mati fyrirtækjanna.

4.5 Opinber þjónusta

Í þessum flokki voru sendir út 46 spurningalistar og fengust til baka 36 svör sem er 78% svörun. Eins og í iðnaði og verslun og viðskiptum var hringt til þessara fyrirtækja og þeim boðin aðstoð við að fylla út eyðublaðið. Fyrirtækjunum var skipt niður í sjö flokka og vegna þess hve hér er um fáa aðila að ræða er erfitt að greina niðurstöðurnar niður á þessa flokka. Auk þess að spyrja um kostnað vegna rafmagnsleysis var spurt um það hve marga daga vikunnar starfsemi er í gangi og hve lengi dags og hvort varaafli væri til staðar. Spurt var um beinan kostnað við mislangt rafmagnsleysi, bæði ófyrirséð og skipulagt, kostnað utan vinnutíma og við nokkur stutt straumleysi.

Í töflu 4.5 er sýndur kostnaður fyrir opinbera þjónustu á Íslandi samkvæmt þessari könnun. Tölur eru framreiknaðar frá verðlagi ársins 1993 til verðlags ársins 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu.

Tafla 4.5 Kostnaður vegna rafmagnsleysis í opinberri þjónustu á Íslandi í hlutfalli við mesta álag samkvæmt norrænni könnun. Tölur á verðlagi ársins 1995.

a) Kostnaður við mislangt rafmagnsleysi að vetri.

	Lengd rafmagnsleysis					
	1/60 mín. kr/kW	1 mín. kr/kW	15 mín. kr/kW	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Ófyrirséð	70	76	156	699	2.670	4.140
Skipulagt	21	23	104	378	1.524	2.977
Utan vinnutíma	42	42	42	68	970	1.100

b) Kostnaður við mislangt fyrirvaralaust rafmagnsleysi að sumri.

	Lengd rafmagnsleysis					
	1/60 mín. kr/kW	1 mín. kr/kW	15 mín. kr/kW	60 mín. kr/kW	240 mín. kr/kW	480 mín. kr/kW
Á vinnutíma	52	58	75	429	1.450	1.760
Utan vinnutíma	41	41	41	68	968	1.100

Kostnaður við ófyrirséð rafmagnsleysi í opinberri þjónustu er mestur hér á landi af löndunum þremur og munar mestu við stuttar truflanir. Truflanir sem vara frá 15 mínútum upp í 8 klukkustundir valda svipuðum kostnaði hér á landi og í Finnlandi. Kostnaður er mun meiri á veturna en á sumrin ef truflun á sér stað á vinnutíma en utan vinnutíma er kostnaður óháður árstíð.

Um 20% svöruð að varaafli væri til staðar til notkunar við rafmagnsleysi og er það yfirleitt einungis notuð til neyðarlýsingar og skyldra hluta. Til að hægt sé að minnka kostnað vegna rafmagnsleysis töldu þessir aðilar að þeir þyrftu 8 stunda fyrirvara og hér, eins og í iðnaði og verslun og viðskiptum, töldu notendur í Danmörku og Finnlandi að þeir þyrftu mun meiri fyrirvara.

5. ORKUFREKUR IÐNAÐUR

Um helmingur af raforkunotkun landsmanna er hjá stóriðjufyrirtækjunum og er því mikilvægt að hafa sem best mat á kostnaði vegna raforkuskorts hjá þessum fyrirtækjum. Í athugun Jóns Vilhjálmssonar frá 1986 var reynt að meta þennan kostnað út frá hagtölum á svipaðan hátt og gert var í kafla 2 hér að framan og þær tölur voru síðan uppfærðar í skýrslu START hópsins árið 1989. Bætt hefur verið við þessi gögn tölum fyrir síðustu ár og eru þau sýnd í töflum 5.1 og 5.2. Ein breyting hefur verið gerð á þessum gögnum frá skýrslu START hópsins en það er að nú eru raforkukaup tekin með aðföngum sem ekki var gert áður. Eins og fram kemur í töflunum er virðisaukinn í hlutfalli við raforkunotkunina mun minni en í flestum öðrum atvinnugreinum enda er hér um að ræða starfsemi sem byggir á því að næg ódýr raforka sé til staðar. Hafa ber í huga að þetta mat tekur ekki tillit til þess tjóns sem getur orðið við rafmagnsleysi en það getur orðið mjög mikið sérstaklega ef slíkt stendur lengi.

Fyrir um fjórum árum síðan vann Verkfræðistofan AFL fyrir Landsvirkjun og Íslenzka álfélagið athugun á kostnaði sem álverið í Straumsvík verður fyrir við rafmagnsleysi. Þar var reynt að meta heildarkostnað Íslenzka álfélagsins við straumleysi af mismunandi lengd og þá tekið mið af reynslu fyrirtækisins af raunverulegu straumleysi. Skýrsla um þessa athugun hefur ekki verið gefin út en hún er til í handriti. Árið 1994 endurskoðaði Íslenska álfélagið mat sitt og er notaður sá kostnaður hér, sjá töflu 5.3. Einnig er þar sýndur kostnaður við mislangt straumleysi í hlutfalli við skerta orku og afl. Kostnaðurinn hefur verið framreiknaður til verðlags ársins 1995 með verðvísitölu landsframleiðslu.

Tafla 5.1 Sala að frádregnum hráefnakostnaði í hlutfalli við raforkunotkun hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga.

Heimild: START 1989,
Þjóðhagstofnun, Atvinnuvegaskýrslur.
Landsvirkjun, Ársskýrslur.

Ár	Sölutekjur	Aðföng	Raforkunotkun	(Sala-aðföng)/Raforku	
	Mkr	Mkr	GWh	Verðlag ársins kr/kWh	Verðlag 1995 kr/kWh
1982	255	155	402		
1983	663	357	482	0,63	3,2
1984	1.226	484	568	1,31	5,3
1985	1.219	615	549	1,10	3,4
1986	1.321	756	605	0,93	2,3
1987	1.463	683	548	1,42	2,9
1988	2.541	968	629	2,50	4,2
1989	3.099	1.331	635	2,78	3,9
1990	2.375	1.320	565	1,87	2,2
1991	1.854	1.098	463	1,63	1,8
1992	1.923	1.145	499	1,56	1,7
1993	2.733	1.259	613	2,40	2,5
1994	2.959	1.337	594	2,73	2,8

Tafla 5.2 Sala að frádregnum hráefnakostnaði í hlutfalli við raforkunotkun hjá álverinu í Straumsvík.

Heimild: START 1989,
Þjóðhagstofnun, Atvinnuvegaskýrslur.
Landsvirkjun, Ársskýrslur.

Ár	Sölutekjur	Aðföng	Raforkunotkun	(Sala-aðföng)/Raforku	
	Mkr	Mkr	GWh	Verðlag ársins kr/kWh	Verðlag 1995 kr/kWh
1982			1.315		
1983	2.736	1.478	1.308	0,96	4,9
1984	3.558	1.936	1.359	1,19	4,8
1985	3.562	2.228	1.232	1,08	3,3
1986	4.301	2.327	1.301	1,52	3,7
1987	5.179	2.605	1.385	1,86	3,8
1988	7.018	3.383	1.421	2,56	4,3
1989	10.379	5.040	1.432	3,73	5,2
1990	9.796	5.861	1.445	2,72	3,3
1991	8.464	5.539	1.485	1,97	2,2
1992	8.121	4.728	1.495	2,26	2,4
1993	8.605	5.392	1.536	2,09	2,2
1994	11.098	5.641	1.574	3,47	3,6

Tafla 5.3 Áætlaður kostnaður Íslenzka álfélagsins við straumleysi af mismunandi lengd. Tölur á verðlagi ársins 1995.

Heimild: Verkfræðistofan AFL, 1993

a) Jöfnur til að meta kostnaðinn

Lengd truflunar	Kostnaður í hlutfalli við skert afl og orku
1 mínúta	6,5 kr/kW + 13 kr/kWh
20 mínútur	6,5 kr/kW + 13 kr/kWh
1 klukkustund	6,5 kr/kW + 13 kr/kWh
2 klukkustundir	390 kr/kW + 190 kr/kWh
